



„Langspilsveggurinn“ á Laufásvegi prýddur verðlaunahöfum

Aðalúthlutun 2018

Tólfta og síðasta úthlutun ársins, „Aðalúthlutun - seinni hluti“, fór fram þann 11. desember. Í byrjun júlí var bætt við nýrri úthlutun, „Aðalúthlutun - fyrri hluti“, sem tók til hluta flutnings á útvarpsstöðvum RÚV og 365 miðla árið 2017. Seinni úthlutunin fól að hluta til einnig í sér flutning á þeim miðlum, en auk þess alla aðra venjubundna þætti; flutning í sjónvarpi, frumflutningsálag, bakgrunnstónlist, innlent streymi, greiðslu vegna eintakagerðar til einkanota (IHM), o.fl.

Aðalúthlutun (fyrri og seinni samtals) nam alls rúmlega 226 milljónum króna og hefur aldrei verið hærri. Alls úthlutaði STEF ríflega 552 milljónum á árinu, sem er algjört met.

Nýr aðildarsamningur

Á fulltrúaráðsfundi STEFs þann 15. október s.l. voru einróma samþykktar og tóku jafnframt gildi umtalsverðar breytingar á samþykktum STEFs. Hluta af breytingunum má rekja til Evróputilskipana og í framhaldinu var nauðsynlegt að uppfæra umboðssamning höfunda/rétthafa við STEF.

Nýr aðildarsamningur færir höfundum/rétthöfum meiri sveigjanleika og aukin réttindi. Samningurinn leysir af hólmi eldra umboð og gildir hann í öllum liðum jafnt fyrir nýja meðlimi og alla þá sem veitt hafa STEFi umboð sitt. Gildissvæði eldri samninga haldast óbreytt.

Nýr aðildarsamningur tekur gildi um næstu áramót. En vegna þessara breytinga gefst meðlimum kostur til 20. janúar n.k. (28 dögum frá dagsetningu þessa fréttabréfs) á að segja upp aðildarsamningi við STEF með einungis eins mánaðar uppsagnarfresti.

Berist STEFi ekki tilkynning frá rétthafa um uppsögn aðildar fyrir 20. janúar, þá er litið svo á að hinn nýi samningur hafi tekið gildi og komi þar með í stað þess eldri (umboðsins).

Við hvetjum alla til að kynna sér nýja aðildarsamninginn: <https://bit.ly/2BAcask>



STEF aftur á Laufásveginn

Nýlega flutti starfsemi STEFs aftur á Laufásveg 40, eftir ríflega árs dvöl í Ármúla, á meðan endurbætur fóru fram. Flutningarnir gengu hratt og vel og er starfsfólkið hæstánægt með þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið innanhúss. Stjórn STEFs og starfsfólk hlakkar til að taka á móti meðlimum á nýju ári í endurbættu húsnæði, sem þó hefur ekkert misst af þeirri góðu sál sem ávallt hefur ríkt í þessu húsi.



Dagur íslenskrar tónlistar 2018

Dagur íslenskrar tónlistar var haldinn þann 6. desember. Margeir Steinar Ingólfsson (DJ Margeir) sá um framkvæmd dagsins ásamt teymi sínu í Hugsmiðjunni og fórst verkið vel úr hendi. Að vanda voru þrjú lög flutt í beinni útsendingu á nokkrum útvarpsstöðvum, lög *Vikivaki* eftir Valgeir Guðjónsson, *Hossa hossa* (Amabadama) eftir Magnús Jónsson, Sölkú Sól Eyfeld og Steinunni Jónsdóttur og

BOBA (Jói P & Króli) eftir Þormóð Eiríksson, Kristinn Óla Haraldsson, Jóhannes Patreksson og Starra Snæ Valdimarsson. Samtónn veitti við þetta tækifæri nokkrar viðurkenningar; nýsköpunarverðlaun til útvarpsstöðvarinnar *Útvarp 101*, en stefna hennar er að helmingur efnis sé flutt af konum og jafnframt að helmingur efnis sé íslenskt, *Þorkell Máni* á útvarpsstöðinni X-inu fékk hvatningarverðlaun og verðlaunin *Gluggann* hlaut þátturinn *Vikan með Gísla Marteini* á RÚV. Að lokum hlaut útvarpsmaðurinn *Pétur Gréтарsson* heiðursverðlaun Samtóns fyrir vandaða og innihaldsríka umfjöllun um íslenska tónlist í útvarpi um langa hríð.



Smellasmíði

Fimmtudaginn 10. janúar n.k. kl. 17-19 munu STEF og ÚTÓN standa fyrir vinnustofu í popplagasmiðum. Leiðbeinendur verða þau *Jón Jónsson* og *Hildur*, sem bæði hafa á tiltölulega skömmum tíma náð góðum árangri sem lagasmiðir.

Í vinnustofunni verður farið yfir helstu þætti þess að skapa popplög og texta, auk þess sem þátttakendur fá handleiðslu í að þróa áfram eigin hugmyndir.

Vinnustofan verður haldin í húsaakynnum STEFs að Laufásvegi 40.

Ungir og efnilegir höfundar hafa forgang fram yfir reyndari höfunda. Öllum er velkomið að taka þátt, þátttökugjaldið kr. 3.000, en meðlimir STEFs þurfa ekki að greiða gjald. Skráning fer fram hjá info@stef.is, takið fram nafn, kennitölu og stutta lýsingu á því hves vegna þið viljið taka þátt í vinnustofunni. Athugið að fjöldi þátttakenda verður takmarkaður og ef aðsókn verður umfram það sem viðráðanlegt getur talist, þá áskilja skipuleggiendur sér rétt til að velja úr umsóknum.



Magnús Þór heiðraður

Magnús Þór Sigmundsson, sem í ár fagnaði 70 ára afmæli, var sæmdur heiðursmerki STEFs á glæsilegum afmælistónleikum sínum, sem fram fóru í Háskólabíói þann 15. nóvember. Magnús hefur á liðnum áratugum verið einn farsælasti og afkastamesti höfundur landsins. Við sama tækifæri hlaut hann heiðursveðlaun FTT, þannig að sannarlega má segja að Magnús hafi gengið vel sæmdur og skarti skryddur af sviði.



Árleg skráningaráminning

Reglulega berast skrifstofu STEFs fyrirspurnir frá höfundum um verk sem einkennd eru með rauðum punkti inni á „Mínum síðum“ (<https://minarsidur.stef.is/>).

Jafnan er um að ræða verk sem ekki hafa verið fullskráð af höfundi/höfundum. Slík verk hafa þó í ákveðnum skilningi verið skráð inn í STEF-kerfið, í ljósi þess að þau hafa verið flutt einhvers staðar (t.d. í útvarpi). Sú skráning er þó aðeins til þess að skjalfesta spilun, þannig að hún „týnist“ ekki. Rauðmerkt verk eru ekki úthlutunarhæf fyrr en höfundar hafa skráð verkin sjálfir formlega og þar með greint frá skiptingu sín á milli.

Hafi lag verið rauðmerkt og þar með ekki fullskráð í þrjú ár, þá klippist elsta árið aftan af og falla spilanir þess árs niður. Það er því mikilvægt að höfundar gangi frá skráningu fyrr en síðar, ekki síst í ljósi þess að oftast en ekki hljóta lög mesta spilun á fyrsta útgáfuári.

**Starfsfólk STEFs óskar meðlimum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.**

Þökkum ánægjuleg samskipti á árinu.

Haldið áfram að semja og efla andann ;-)

